STJÓRNARTÍÐINDI C 2 — 1978

26. apríl 1978. 17 Nr. 5.

AUGLÝSING

um samkomulag Íslands og Bandaríkjanna varðandi útgáfu radíó-áhugamannaleyfa.

Í dag var gert í Reykjavík með orðsendingaskiptum utanríkisráðherra Íslands og sendiherra Bandaríkjanna samkomulag milli Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku um gagnkvæma útgáfu radíó-áhugamannaleyfa.

Samkomulagið gengur í gildi í dag.

Orðsendingarnar eru birtar sem fylgiskjöl með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 26. apríl 1978.

Einar Ágústsson.

Hörður Helgason.

Fylgiskjöl.

a. Orðsending utanríkisráðherra til bandaríska sendiherrans.

Reykjavík, 26. apríl 1978.

Herra sendiherra.

Ég hef þann heiður að vísa til viðræðna milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og fulltrúa ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku varðandi möguleika á samningsgerð milli ríkisstjórnanna í þeim tilgangi að heimilað verði á gagnkvæmnisgrundvelli að radíóáhugamenn með radíóleyfi í hvoru landi megi reka stöðvar sínar í hinu landinu í samræmi við ákvæði 41. gr. alþjóðaútvarpsreglugerðarinnar frá Genf 1959. Lagt er til að samningur um þetta efni verði gerður sem hér segir:

a. Minister for Foreign Affairs to the U.S. Ambassador.

Reykjavík, 26 April 1978.

Excellency

I have the honor to refer to conversations between representatives of the Government of Iceland and representatives of the Government of the United States of America relating to the possibility of concluding an agreement between the two Governments with a view to the reciprocal granting of authorizations to permit licensed amateur radio operators of either country to operate their stations in the other country, in accordance with the provisions of Article 41 of the International Radio Regulations, Geneva, 1959. It is proposed that an agreement with respect to this matter be concluded as follows:

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

1. Einstaklingi sem hefur leyfi ríkisstjórnar sinnar sem radióáhugamaður og rekur radióáhugamannastöð samkvæmt leyfi þeirrar ríkisstjórnar skal hin ríkisstjórnin leyfa, á gagnkvæmnisgrundvelli og að áskildum þeim skilyrðum er að neðan greinir, að reka slíka stöð á landssvæði síðarnefndu ríkisstjórnarinnar.

2. Einstaklingur sá sem hefur leyfi ríkisstjórnar sinnar sem radióáhugamaður skal, áður en honum er leyft að reka stöð sína eins og gert er ráð fyrir í 1. tölulið, afla sér heimildar til þess frá hlutaðeigandi stjórnvöldum hinnar ríkisstjórnarinnar.

3. Hlutaðeigandi stjórnvöld hvorrar ríkisstjórnar geta veitt heimild samkvæmt 2. tölulið með þeim skilyrðum og skilmálum sem hún kann að setja, þar á meðal að áskildum rétti til afturköllunar hvenær sem er að hentugleika þeirrar ríkisstjórnar sem heimildina veitti.

Við móttöku svarerindis frá yður er gefur til kynna samþykki ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku mun verða litið svo á að þetta erindi og svarerindið feli í sér samning milli ríkisstjórnanna er gildi frá dagsetningu svarerindisins og sé samningurinn uppsegjanlegur af hálfu hvorrar ríkisstjórnarinnar skriflega með sex mánaða fyrirvara.

Ég leyfi mér að votta yður, herra sendiherra, sérstaka virðingu mína.

Einar Ágústsson,
utanríkisráðherra Íslands.

Hr. James J. Blake
sendiherra Bandaríkja Ameríku
Reykjavík.

1. An individual who is licensed by his Government as an amateur radio operator and who operates an amateur radio station licensed by such Government shall be permitted by the other Government, on a reciprocal basis and subject to the conditions stated below, to operate such station in the territory of such other Government.

2. The individual who is licensed by his Government as an amateur radio operator shall, before being permitted to operate his station as provided for in paragraph 1, obtain from the appropriate administrative agency of the other Government an authorization for that purpose.

3. The appropriate administrative agency of each Government may issue an authorization, as prescribed in paragraph 2, under such conditions and terms as it may prescribe, including the right of cancellation at the convenience of the issuing Government at any time.

Upon the receipt of a reply note from you indicating the concurrence of the Government of the United States of America, it will be considered that this note and the reply note constitute an agreement between the two Governments, such agreement to be in force as of the date of the reply note and to be subject to termination by either Government giving six months' notice, in writing, of its intention to terminate.

Accept, Excellency, the renewed assurances of my highest consideration.

Einar Ágústsson
Minister for Foreign Affairs
of Iceland.

His Excellency James J. Blake,
Ambassador of the United States of America,
Reykjavík.

b. Svar bandaríska sendiherrans til utanríkisráðherra.

Reykjavík, 26. apríl 1978.

Herra utanríkisráðherra.

Ég hef þann heiður að viðurkenna móttöku erindis yðar dagsetts í dag þar sem vísað er til viðræðna milli fulltrúa ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku og fulltrúa ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands varðandi möguleika á samningsgerð milli ríkisstjórnanna í þeim tilgangi að heimilað verði á gagnkvæmnisgrundvelli að radíóáhugamenn með radíóleyfi í hvoru landi megi reka stöðvar sínar í hinu landinu í samræmi við ákvæði 41. gr. alþjóðaútvarpsreglugerðarinnar frá Genf, 1959.

Samkvæmt 303. gr. (1) (2) og 310. gr. (a) samgöngulaganna frá 1934 með áorðnum breytingum (lagasafn Bandar. nr. 47, 303 (1) (2) og 310 (a)) er ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku reiðubúin að gera samning um þetta efni svo sem hér segir:

[Sjá liði 1—3 hér að framan.]

Í samræmi við tillöguna í erindi yðar er litið svo á að það erindi og þetta svarerindi er gefur til kynna samþykki ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku feli í sér samning milli ríkisstjórnanna er gildi frá dagsetningu þess svarerindis og sé samningurinn uppsegjanlegur af hálfu hvorrar ríkisstjórnarinnar skriflega með sex mánaða fyrirvara.

Ég leyfi mér að votta yður, herra utanríkisráðherra, sérstaka virðingu mína.

James J. Blake.

Hr. Einar Ágústsson
utanríkisráðherra
Reykjavík.

b. U.S. Ambassador to the Minister for Foreign Affairs.

Reykjavík, April 26, 1978.

Excellency:

I have the honor to acknowledge the receipt of Your Excellency's note of this date in which reference is made to conversations between representatives of the Government of the United States of America and representatives of the Government of the Republic of Iceland relating to the possibility of concluding an agreement between the two Governments with a view to the reciprocal granting of authorizations to permit licensed amateur radio operators of either country to operate their stations in the other country, in accordance with the provisions of Article 41 of the International Radio Regulations, Geneva, 1959.

Pursuant to section 303 (1) (2) and 310 (a) of the Communications Act of 1934 as amended (47 U.S.C. 303 (1) (2), 310 (a)), the Government of the United States of America is prepared to conclude an agreement with respect to this matter as follows:

[See paragraphs 1—3 above.]

In accordance with the suggestion made in Your Excellency's note, that note and this reply note indicating the concurrence of the Government of the United States of America are considered as constituting an agreement between the two Governments, such agreement to be in force as of the date of this reply note and to be subject to termination by either Government giving six months' notice, in writing, of its intention to terminate.

Accept, Excellency, the renewed assurance of my highest consideration.

James J. Blake.

His Excellency
Einar Ágústsson
Minister for Foreign Affairs
Reykjavík.